

31. ágúst 1968.

295

Nr. 67.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. desember 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt hafi reynzt að gera ýmsar ráðstafanir til að sjá íslenska síldveiðiflotanum fyrir birgðum af matvælum, olíu og vatni, svo og brýnni viðgerðarþjónustu, þar sem veiðisvæðin hafa í sumar verið óvenju langt frá Íslandi.

Hafi síldarflutningaskip leyst þennan vanda, en er afli minnkaði nú í ágústmánuði, hafi ferðum seinkað og veiðiskipunum einnig gengið erfiðlega að tryggja greiðslur fyrir birgðir þær og þjónustu, sem þeim hefur verið veitt.

Sé nú svo komið, að brýn nauðsyn beri til að tryggja með sjóveðrétti greiðslu fyrir úttekt vista og fyrir viðgerðarþjónustu síldveiðiflotans.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. tölul. 216. gr. siglingalaga, nr. 66 31. desember 1963, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu eiga sjóðveðrétt kröfur, sem skipstjóri stofnar, vegna kaupa á nauðsynjum skipsins eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. ágúst 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.